Morgunblaðið

Yfirlit

Bretar fækka sendiráðum

Unnið er að róttækum breytingum innan bresku utanríkisþjónustunnar og meðal annars stefnt að því að fækka sendiráðunum. Kom þetta fram í *Sunday Telegraph* í gær. Þar sagði að í stað um 40 sendiráða ætti að koma einn maður með fartölvu og ekki endilega með sendiherratign. Nefndi blaðið nokkur ríki í þessu sambandi, þar á meðal Ísland og Nýja-Sjáland, en John Howard Culver, sendiherra Bretlands hér á landi, sagði í viðtali við Morgunblaðið að honum væri ekki kunnugt um nein áform um að leggja niður sendiráðið hér.

Samið um bónusgreiðslur

Gengið hefur verið frá samkomulagi milli starfsmanna og Impregilo við Kárahnjúka um bónusgreiðslur. Reiknað er með að nýja bónuskerfið skili starfsmönnum almennt 12–14% launahækkun og allt að 20% við bestu aðstæður.



Sharon ákærður?

Fjölmiðlar í Ísrael sögðu í gær að Edna Arbel ríkissaksóknari hefði þá um daginn lagt til við dómsmálaráðherrann að Ariel Sharon forsætisráðherra yrði ákærður fyrir spillingu. Snýst málið um hugsanlega mútuþægni meðal annars. Einn ráðherra í Ísraelsstjórn sagði í gær að Sharon yrði að segja af sér yrði hann ákærður og undir það tekur stjórnarandstaðan.



Versnandi tannheilsa

Endurgreiðslur Tryggingastofnunar til foreldra vegna tannlækninga barna hafa lækkað verulega á undanförnum árum og vaxandi hópur foreldra hefur ekki efni á að veita börnum sínum grundvallartannlæknaþjónustu, segir dr. Sigurður Rúnar Sæmundsson, barnatannlæknir og sérfræðingur í samfélagstannlækningum. Sigurður segir að minnkandi kostnaðarþátttaka hins opinbera í vörnum gegn tannskemmdum endurspeglist í versnandi tannheilsu hjá mörgum börnum og tannheilsa þeirra fari æ meira eftir tekjum foreldranna.

Markmið vegna útselsins

Ásta R. Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, vill að stjórnvöld svari því hvernig þau ætli að bregðast við áskorun Norður-Atlantshafsspendýraráðsins, NAMMCO, um að Ísland setji skýr markmið um framtíð útselsstofnsins við Ísland. Á aðalfundi NAMMCO kom fram að útselsstofninn hér hefði farið minnkandi undanfarin tíu ár.

Í dag

Sigmund	8	Þjónusta	41
Viðskipti	14	Bréf	38
Erlent	17	Dagbók	40/41
Listir	20/21	Leikhús	42
Umræðan	22/28	Fólk	42/45
Forystugrein	24	Bíó	42/45
Skoðun	20	Ljósvakar	46
Minningar	29/33	Veður	47

* * *

Faðir eins þeirra sem létust í flugslysinu í Skerjafirði í ágúst 2000

Samkomulag siðferðilegur sigur fyrir ættingjana

FRIÐRIK Þór Guðmundsson, faðir eins þeirra sem létust af völdum flugslyssins í Skerjafirði um verslunarmannahelgina árið 2000, segir að samkomulag um að Codan, tryggingafélag Leiguflugs Ísleifs Ottesen, greiði erfingjum fórnarlambanna skaðabætur feli í sér viðurkenningu á ábyrgð flugfélagsins á slysinu. „Peningarnir eru í sjálfu sér aukaatriði," segir hann, „en við túlkum þetta sem svo að menn hafi viðurkennt sína ábyrgð." Hann segir ennfremur samkomulagið fela í sér siðferðilegan sigur fyrir ættingjana; þeir hafi ávallt haldið því fram að slysið mætti rekja til lögbrota sem framin voru í Bandaríkjunum. Íslensk flug- og lögregluyfirvöld hafi á hinn bóginn ekki talið ástæðu til að kanna þann þátt málsins sérstaklega.

Friðrik segir upphæð bótanna trúnaðarmál en telur augljóst að hún hefði verið lægri ef málið hefði aðeins verið rekið á Íslandi. Bæturnar, verða að sögn Friðriks, greiddar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sem tryggingafélagið fór fram á, m.a. um að trúnaður verði um innihald samkomulagsins.

Refsivert athæfi í Bandaríkjunum

Ættingjar farþeganna sem létust af völdum flugslyssins árið 2000 höfðuðu mál fyrir bandarískum dómstólum, tæpum tveimur árum eftir slysið, gegn Ísleifi Ottesen, eiganda leiguflugs Ísleifs Ottesen, Þorleifi Júlíussyni, eiganda vottunarfyrirtækisins Julie's Aircraft Service, og fleirum sem komu að ferli vélarinnar þar í landi. Lögfræðistofa í Bandaríkjunum tók að sér málareksturinn upp á að fá allt að helmingshlut í hugsanlegum skaðabótum en ættingjarnir myndu engan kostnað bera.

Ættingjarnir vildu með málshöfðuninni leiða í ljós hvort refsivert athæfi hefði átt sér stað í Bandaríkjunum varðandi feril flugvélarinnar. Þeir bentu m.a. á að Ísleifur hefði keypt vélina á uppboði í Bandaríkjunum, gert hana þar upp, og viðhaldsstöðin Julie's Aircraft í El Paso, í eigu Þorleifs Júlíussonar, hefði síðan vottað lofthæfi vélarinnar. „Viðhaldsfyrirtækið vottaði að þetta væri hin besta flugvél, að okkar mati gegn betri vitund, og hleypti þar með þessum garmi til Íslands," segir Friðrik og bætir því við að yfirvöld hér á landi hafi tekið pappíra viðhaldsfyrirtækisins góða og gilda; þau hafi ekki einu sinni skoðað vélina.


Aðalmeðferð í október

Umrætt samkomulag er einungis við tryggingafélag Leiguflugs Ísleifs Ottesen og því mun aðalmeðferð í málinu gegn Þorleifi Júlíussyni fara fram í Bandaríkjunum í október næstkomandi. Friðrik bendir á að í báðum málunum hafi mótaðilar viljað fá málaferlin flutt til Íslands, en því hafi verið hafnað í Bandaríkjunum. „Það liggur því fyrir úrskurður dómara fyrir vestan um lögmæti þess að flytja málið í Bandaríkjunum," útskýrir hann. „Það komu m.ö.o. fram nógu sterkar vísbendingar um að skaðabótaskyldur gjörningur hafi átt sér stað í Bandaríkjunum."

Friðrik segir að þegar þessi úrskurður hafi legið ljós fyrir hafi lögfræðingar Codan, og þar með Ísleifs Ottesen, gert erfingjum hinna látnu tilboð um skaðabætur, sem ná myndu til málaferla í báðum löndunum, þ.e. Bandaríkjanna og Íslands. „Og við ákváðum að taka því tilboði," segir hann.

Friðrik segir að það sem eftir standi, þegar búið sé að greiða hlut lögfræðinga og annan málskostnað, skiptist jafnt í fimm hluta.

„Ég legg áherslu á að aðstandendur og erfingjar allra farþeganna standa einhuga saman í þessu. Sú samstaða felur í sér að ekki verði dregið í dilka. Í það sem kemur til okkar er deilt með fimm. Jafnframt er dánarbú flugmannsins aðili að samkomulaginu."



Morgunblaðið/Jim Smart

Áskrifendur Morgunblaðsins skoða spennandi listaverk í heimsókn á Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu.

Vel heppnuð heimsókn

MORGUNBLAÐIÐ bauð áskrifendum sínum í heimsókn á sýningu Ólafs Elíassonar í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu um helgina. Hátt í tvö þúsund áskrifendur nýttu sér boðið og nutu sýningarinnar. Einnig nutu þeir leiðsagnar starfsfólks um sýninguna.

Ólöf Sigurðardóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur, segir heimsóknina hafa verið afar vel heppnaða. „Við fengum að gera margt sem hefur verið boðið upp á á sýningartímabilinu í meira mæli en venjulega og náðum þannig til fleiri gesta. Meðal annars var í boði ratleikur fyrir fjölskyldur, í raun leiðsögn í formi ratleiks og mæltist það mjög vel fyrir," segir Ólöf og bætir við að sér hafi fundist það á gestum að þeir hafi haft mikla ánægju af uppákomunni.

Einnig var opin listsmiðja allan daginn og gátu gestir og gangandi prófað að búa til hluti í anda Ólafs Elíassonar, meðal annars litlar kviksjár, en Ólafur leikur sér gjarnan með ljós og blekkingar augans.

Forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands

Stjórnsýslulög í áratug - áhrif þeirra og árangur

Morgunverðarráðstefna á Grand Hótel 31. mars kl. 8.30-11.00.

Fjallað verður um hvernig til hefur tekist um framkvæmd stjórnsýslulaganna og þróun íslenskrar stjórnsýslu og stjórnsýsluréttar síðasta áratuginn. Hefur tekist að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við stjórnvöld og gera stjórnsýsluna skilvirka og málsmeðferðina einfalda og hraðvirka?

Ávarp: Davíð Oddsson forsætisráðherra.
Tímar breytinga í stjórnsýslunni:
Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis.
Stjórnsýslulög í nútíð og framtíð:
Páll Hreinsson prófessor við H.Í.
Reynsla stjórnarráðsmanns af stjórnsýslulögum:
Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri.

Ráðstefnustjóri: Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri.

Ráðstefnan er öllum opin.
Aðgangseyrir er kr. 3.000,- og er morgunverður innifalinn.
Skráning fer fram með tölvupósti, msb@hi.is eða á veffanginu: http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/page/stjornsyslulog_skraning

Heilsutryggingakort ESB verða tekin upp á Íslandi

RÍKI í Evrópusambandinu og á Evrópska efnahagssvæðinu munu taka í notkun samræmt heilsutryggingakort sem íbúum landanna er ætlað að bera en kortið á að veita þeim sama rétt á læknisþjónustu hvar sem er innan sambandsins og í EES-löndum.



Íslensk stjórnvöld stefna að því að heilsukortin verði tekin upp hér á landi en óvíst er á þessari stundu hvenær af því getur orðið, skv. upplýsingum sem fengust hjá Davíð Á. Gunnarssyni, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu.

Prettán lönd stefna að því að hefja dreifingu kortsins meðal íbúa sinna hinn 1. júní næstkomandi en aðildarlöndin geta tekið sér frest til loka ársins 2005 til að taka kortið í notkun. Heilsukortið leysir af hólmi svonefnt E-111 vottorð sem Tryggingastofnun hefur gefið út og veitir sjúkratryggðum einstaklingum á ferðalagi innan EES-svæðisins rétt á læknishjálp og lyfjum á sömu kjörum og íbúar viðkomandi lands njóta.

Samkvæmt fréttum frá ESB í Brussel á kortið ekki að innihalda persónulegar heilsufarsupplýsingar s.s. um blóðflokk korthafa eða sjúkraskráupplýsingar. Hins vegar geta lönd sem þegar hafa tekið upp kort með slíkum upplýsingum fellt það saman við evrópska heilsutryggingakortið í eitt kort.

Heilsutryggingakortin verða auðkennd með einu sameiginlegu evrópsku tákni.

Morgunblaðið Kringlunni 1, 103 Reykjavík. Sími 5691100 **Innlendar fréttir** frett@mbl.is Ágúst Ingi Jónsson, aðstoðarfréttaritstjóri, aij@mbl.is Sigtryggur Sigtryggsson, aðstoðarfréttaritstjóri, sisi@mbl.is **Erlendar fréttir** Ásgeir Sverrisson, fréttastjóri, asv@mbl.is **Viðskipti** vidsk@mbl.is Ólafur Stephensen, aðstoðarritstjóri, olafur@mbl.is **Úr verinu** Hjörtur Gíslason, fréttastjóri, hjgi@mbl.is **Daglegt líf** Guðbjörg Guðmundsdóttir, gudbjorg@mbl.is **Listir** menning@mbl.is Orri Páll Ormarsson, ritstjórnarfulltrúi, orri@mbl.is **Umræðan|Bréf til blaðsins** Magnús Finnsson, fulltrúi ritstjóra, magnus@mbl.is Hallur Þorsteinsson, hallur@mbl.is **Minningar** minning@mbl.is Hilmar P. Þormóðsson, Stefán Ólafsson **Dagbók|Kirkjustarf** Ellý H. Gunnarsdóttir, elly@mbl.is **Íþróttir** sport@mbl.is Sigmundur Ó. Steinarsson, fréttastjóri, sos@mbl.is **Fólk í fréttum** Skarphéðinn Guðmundsson, skarpi@mbl.is **Útvarp|Sjónvarp** Andrea Guðmundsdóttir, andrea@mbl.is **mbl.is** netfrett@mbl.is Guðmundur Sv. Hermannsson fréttastjóri gummi@mbl.is